

1994 nr. 83 19. maí**Lög um umboðsmann barna**

Tóku gildi 1. janúar 1995. *Breytt með* l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Stofna skal embætti umboðsmanns barna sem hafi það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra samkvæmt því sem nánar segir í lögum þessum.

□ Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga allt að 18 ára aldri.

■ 2. gr.

□ [Ráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn.]¹⁾ Skipa má umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftara nema sérstaklega standi á.

□ Umboðsmaður barna skal hafa lokið háskólaprófi. Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögfræði skal lögfræðingur starfa við embættið.

□ [Um laun og önnur launakjör umboðsmanns barna fer skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾ Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

¹⁾ L. 83/1997, 11. gr. ²⁾ L. 130/2016, 8. gr.

■ 3. gr.

□ Umboðsmaður barna skal vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

□ Umboðsmaður barna skal einkum:

a. hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna,

b. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsluhafa er varða börn sérstaklega,

c. stuðla að því að virtir verði þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og enn fremur benda á að samningar um þetta efni verði fullgiltir,

d. bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar þeir, er greinir í upphafi 1. mgr., hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu,

e. stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni og beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á þessu sviði.

□ Telji umboðsmaður barna að ákvæði d-liðar 2. mgr. kunni að hafa verið brotið skal hann beina rökstuddri álitgerð til viðkomandi aðila ásamt tillögum um úrbætur, eigi það við.

■ 4. gr.

□ Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sínu.

□ Umboðsmaður barna tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

□ Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórn-sýslu og hjá dómstólum.

■ 5. gr.

□ Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni barna allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. d-lið 3. gr. Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

□ Umboðsmaður barna skal einnig, er hann telur nauðsyn bera til, hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista börn eða hafa afskipti af börnum á einn eða annan hátt í starfsemi sinni, hvort sem þær eru reknar af opinberum aðilum eða einstaklingum, félögum eða öðrum samtökum einstaklinga.

□ Komi upp ágreiningur vegna ákvæða 1. og 2. mgr. er umboðsmanni barna heimilt að leita úrlausnar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

■ 6. gr.

□ Umboðsmanni barna ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns barna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns barna og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

■ 7. gr.

□ Umboðsmaður barna ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

■ 8. gr.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður barna skal gefa [ráðherra]¹⁾ árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrir mælum framkvæmdarvalds.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns barna í reglugerð að fengnum tillögum umboðsmanns.

¹⁾ L. 126/2011, 194. gr.

■ 9. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.